

## Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. júní 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-93/2017.

### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Þann 5. desember 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst úrbóta eða riftun kaupanna.

### II

#### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bifreiðina XX-000 þann 18. september 2017 af seljanda en kaupverðið var 600.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Ford Explorer, en árgerð bifreiðarinnar og akstur hennar við kaupin kemur ekki fram í álitsbeiðni eða fylgigögnum. Að sögn álitsbeiðanda hélt seljandi því fram við kaupin að nýlega væri búíð að gera við sjálfsskiptinguna í bifreiðinni en tveimur mánuðum eftir kaupin bilaði sjálfsskiptingin á ný. Í ljós kom að um þrjú ár voru frá því að umrædd viðgerð fór fram. Álitsbeiðandi telur að sjálfsskipting, sem hefur verið tekin upp af bifvélavirkja, eigi að duga í um 150.000 km. akstur og hefur þær upplýsingar frá viðgerðaraðilanum sem gerði við bifreiðina. Telur álitsbeiðandi að seljandi hafi sagt ósatt um ástand bifreiðarinnar við kaupin og krefst greiðslu viðgerðarkostaðar eða riftun kaupanna.

Hinn 31. maí 2018 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum og gögnum til að unnt yrði að leysa úr málinu. Var álitsbeiðandi beðinn um að senda afrit af kaupsamningi til nefndarinnar þar sem meðal annars kemur fram hversu mikið bifreiðin var ekin við kaupin. Þá var óskað eftir upplýsingum um það hversu mikið bifreiðin var ekin þegar hún fór í viðgerð á ný vegna bilunar í sjálfsskiptingunni.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

*„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“*

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

## II

### Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson